



Fundur í aðalstjórn Aftureldingar, 24. október 2023.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 19:00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Hrafn Ingvarsson (HI), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Inga Hallsteinsdóttir (IH), Hildur Pála Gunnarsdóttir (HPG).

Mættir starfsmenn:

Grétar Eggertsson (GE) framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Formannafundur

Stjórn fór yfir boðaðan formannafund og lagt til að formannafundur yrði 9. nóvember. Fundarboð verður sent til formanna deilda. Óskað verður eftir því að deildir sendi inn þau erindi/atríði sem viðkomandi deildir vilja fara yfir og skal skila þeim inn 6. nóvember. Framkvæmdastjóri boðar til fundar.

2. Starfsdagur

Íþróttafulltrúi var ekki á fundi og mun formaður ræða við hann varðandi skipulagningu.

3. Stöðufundur með deildum.

Formaður mun setja upp fundaráætlun fyrir fundi með deildum. Mikilvægasta verkefni fundanna er að fara yfir áætlanagerð með deildunum, tilganginn og skil á þeim. Markmiðið er að það verði búið að stilla upp grunnáætlun fyrir deildirnar sem þau vinna síðan áfram.

4. Fjármál

Farið var yfir stöðu fjármála deilda. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri funda með viðeigandi deildum sem þurfa aðhald.

5. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri fór yfir efni frá íþróttafulltrúa varðandi athugasemd sem kom frá einni deild vegna athugasemda varðandi afslætti hjá deildum ef barn er nær ekki að stunda allar æfingar ef æfingar skarast á milli íþróttagreina sem barnið stundar. Almennt gefa deildir afslátt í samræmi við iðkun en ekki allar deildir gera það. Það leiðir oft til þess að barnið/forráðamaður velur þá íþrótt þar sem ekki er gefin afsláttur og ákvörðunin tekin út frá kostnaði. Framkvæmdastjóri og íþróttafulltrúi taka þetta áfram með deildunum.
- Ráðstefna um nýja stefnu í afreksíþróttum. Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirhugaða ráðstefnu og mikilvægi þess að okkar afreksfólk mæti til leiks og einnig stjórn og framkvæmdastjóri. Ráðstefnan verður 20. Nóvember frá kl. 09.00-16:00 í Gullteig.

Fundi slitið kl. 20:10

Grétar Eggertsson ritaði fundargerð.

